

---

## Samkomulag

Um framsal verkefna Bæjartúns íbúðarfélags hses. til Brákar  
hses.

---

**Bæjartún íbúðarfélag hses. kt. 580820-1660 og Brák hses., kt. xxxxxx-xxxx gera með sér svohljóðandi**

## **S A M K O M U L A G**

### **1. gr.**

#### **Markmið**

Markmið samnings þessa er að framselja almennar íbúðir og verkefni sem hafa fengið samþykkt stofnframlag ríkis og sveitarfélaga skv. lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016, frá Bæjartúni hses. til Brákar hses.

### **2. gr.**

#### **Verkefni sem flytjast yfir**

Brák hses. yfirtekur verkefni Bæjartúns vegna byggingar fjögurra íbúða á Bildudal og átta íbúða á Seyðisfirði. Bæði verkefnin fengu úthlutað stofnframlagi með ákvörðun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) 30. júní 2020.

Brák hses yfirtekur frá Bæjartúni hses byggingu átta íbúða við Freyjugötu á Sauðárkróki sem Bæjartún fékk úthlutað stofnframlagi með ákvörðun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) 30. júní 2020 að því gefnu að samkomulag náist um kaupverð. Gerður verður sérstakur kaupsamningur um þessar átta íbúðir enda færast þær á milli félaganna fullbyggðar.

Brák yfirtekur einnig umsókn Bæjartúns hses til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Múlaþing um stofnframlag á árinu 2022 til byggingar 10 íbúða í Fellabæ.

### **3. gr.**

#### **Fjárhagslegar ráðstafanir**

Við undirritun samkomulagsins yfirtekur Brák hses. öll réttindi og skyldur samkvæmt framangreindum úthlutunarbréfum og samningum við HMS vegna úthlutunar stofnframlaga. Brák skal jafnframt taka við sem rétthafi, þeim lóðum sem úthlutað hefur verið til framangreindra verkefna.

Við gildistöku samnings þessa skal Bæjartún hses. greiða Brák hses. þau stofnframlög sem hafa verið greidd til Bæjartúns vegna íbúðanna á Bildudal og Seyðisfirði að frádregnum þeim kostnaði sem hefur fallið til frá því stofnframlögin voru greidd út skv. reikningum Bæjartúns. Á sama hátt endurgreiðir Brák hses Bæjartúni kostnað sem hefur fallið til við vinnslu umsóknar um stofnframlög vegna 10 íbúða í Fellabæ skv. reikningum Bæjartúns.

Brák hses. yfirtekur ekki aðrar skuldbindingar tengdum verkefnum, s.s. verksamninga nema með sérstakri ákvörðun.

**4. gr.**

**Vanefndir og meðferð ágreiningsmála.**

Nú vanefnir annar aðili skyldur sínar samkvæmt samningi þessum skal gagnaðili senda skriflega áskorun til þar sem gefinn er hæfilegur frestur til úrbóta. Að þeim fresti loknum er heimilt að rifta samningi þessum.

Mál sem rísa vegna samnings þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**5. gr.**

**Gildistaka og lokaákvæði**

Við undirritun samnings þessa skal óska eftir samþykki HMS, Vesturbyggðar, Múlaþings og Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir yfirtöku verkefnanna og er gildistaka hans háð því að samþykki þeirra fáiist fyrir yfirfærslunni.

Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða eintök (fullgild frumrit) og skal sitt hvort eintakið vera í vörslu hvors aðila.

Borgarnesi, 2. júní 2022

f.h. Bæjartúns hses.

f.h. Brákar hses.

---

---

# Undirritunarsíða

Framkv.stj. Bæjartúns  
Tryggvi Harðarson



Undirritað af:  
Tryggvi Harðarson  
3006544879  
Dags: 02.06.2022  
Tími: 15:10:31  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 7164f95e-  
ed30-4622-bba5-  
12bc027587f3

Stjórnarform. Brákar hses.  
Snorri Styrkársson



Undirritað af:  
Snorri Styrkársson  
2002582829  
Dags: 02.06.2022  
Tími: 15:17:58  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 7164f95e-  
ed30-4622-bba5-  
12bc027587f3